

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir menningar- og þjónustustarfsemi í landi Skriðuklausturs, Valþjófsstaðar 1 og Hamborgar, Fljótsdalshreppi.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkti á fundi 3. júní 2011 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir menningar- og þjónustustarfsemi í landi Skriðuklausturs, Valþjófsstaðar 1 og Hamborgar. Breytingin tekur til lands Skriðuklausturs og varðar afmörkun á svæði fyrir byggingaráform ábúenda. Stærð svæðisins breytist ekki. Byggingarreitur er fluttur til innan afmarkaðs svæðis og sýndur nýr byggingarreitur. Gögn eru nákvæmari þar sem aðstæður hafa verið staðsettar með mælingu. Grenndarkynning hefur farið fram í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, engar athugasemdir bárust. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps mun taka að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunn að verða fyrir við þessa breytingu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og tekur þegar gildi.

Végarði, 8. júní 2011.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 24. júní 2011